

Raforkumálastjóri,
Jarðhitadeild.

SKÝRSLA UM VIÐNÁMSMÆLINGAR VIÐ REYKHOLT Í BORGARFIRÐI

Eftir

Pórarinn Stefánsson

Agúst 1962

Dagana 10. - 13. júlí 1962 voru gerðar viðnámsmælingar við Reykholt í Borgarfirði. Mælt var eftir fimm línum, stefna frá norðri til suðurs. Lína I liggur frá efri mörkum túns til suðurs nokkru vestan Skriflu og síðan frammeð eystri mörkum Snorrargarðs ca. 120 m suður fyrir Þjóðveg. Þessi lína er lögð til grundvallar við útmælingar á hinum fjórum, sem allar liggja samsíða nr. I með 100 m millibili.^x (Sjá kort og loftmynd 3422).

Mælingunum má skifta í tvennt: lengdarmælingar og dýptarmælingar.

I. Dýptarmælingar:

Á línu I var tekin dýptarmæling (mæling A) með miðju ca. 15 m frá N-A-horni Snorrargarðs í framhaldi af eystri girðingu. Mælt var 240 m til hvorrar handar. Einnig voru gerðar dýptarmælingar (mæling B) á línu III með miðju austur af fjárhúsum við skurð um það bil er hann sveigir til austurs (sjá kort). Mælt 240 m í hvora átt.

II. Lengdarmælingar:

Niðurstöður af dýptarmælingu A voru lagðar til grundvallar við ákvörðun á fjarlægðunum milli póla.

$$\frac{AB}{2} = 60 \text{ m} \quad \text{og} \quad \frac{MN}{2} = 20 \text{ m}$$

Gerðar voru lengdarmælingar á öllum línunum og meðfylgjandi drög að viðnámskortu byggð á niðurstöðum þeirra.

^x

Lína III varð að hliðra 7 m til vesturs vegna skurðar.

VIÐNÁMSKORT

3.4'63 SS/SJ

J-Viðn Tnr. 421

J Reykh Tnr. 5

Fnr 6181 "

N

Breiðabólstaður

GANGUR

100m

100

50m

20m

10m

Hver (Skrifla)

Hver (Dyngur)

Reykholt
Grunnt á
heita klöpp

M_A

M_B

M_C

Þjóðvegur

Verkstæði

Volgrur

Hóll

I

II

III

IV

V

----- Viðnamsmælingalínur I-V

----- Skurðir

⊗ Miðpunktur Dýptarmælinga

Dýptarmæling í línunum I-III-V